

1871.

3. nóvbr.

95. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptysfirvaldanna á Íslandi, um styrk til kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.

Um leið og vèr sendum yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, auglýsing um kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi, sem út er gengin 31. f. m., samkvæmt konungsúrskurði 21. f. m., gefum vèr yður til kynna, að kirkju- og kennslustjórnin hefir gefið vonir um, að búast megi við tillagi af þeim 800 rd., sem meðal útgjalda til *Kommunitetsins* eru veittir í 21. gr. fjárhagslaganna til styrks handa íslenzkum stúdentum, sem búa sig undir próf í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, ef nokkuð verður afgangs af þessu fè, þegar búið er að greiða tæðan styrk.

3. nóvbr.

96. Bréf dómsmálastjórnarinnar til kirkju- og kennslustjórnarinnar, um hið sama efni.

Eptir að vèr höfðum fengið bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar 28. septbr. þ. á., bárum vèr málið upp fyrir konungi, og hefir Hans Hátign konunginum þóknazt 21. f. m. allramildlegast að úrskurða á þá leið, sem fyrir í mælt í meðfylgjandi auglýsingu. 31. s. m.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, skal því við bætt, að vèr, eins og drepíð er á í auglýsingunni, væntum samkvæmt munnlegu loforði ráðherrans, að veitt verði tillag til þess að standast kostnaðinn við ferð nefndra læknaefna til Kaupmannahafnar og dvöl þeirra þar af þeim 800 rd., sem meðal útgjalda til *Kommunitetsins* eru veittir í 21. gr. fjárhagslaganna til styrks handa íslenzkum stúdentum, sem búa sig undir próf í læknisfræði við háskólann í Kaupmannahöfn, ef nokkuð verður afgangs af þessu fè, þegar búið er að veita tæðan styrk.